

Leiðbeiningar um útfyllingu og véltæk skil  
**Hlutfjármiðar, launamiðar  
og launaframtal 2005**

Í þessari orðsendingu er að finna leiðbeiningar um útfyllingu launamiða, hlutfjármiða og launaframtals á árinu 2005.

Form launamiða RSK 2.01 og hlutfjármiða RSK 2.045 vegna greiðslna á árinu 2004 er óbreytt frá fyrra ári.

**Véltæk skil**

Afar æskilegt er að launamiðum og hlutfjármiðum sé skilað á tölvutæku formi (disklingi eða segulbandi). Gögnunum skal skilað til skattstjóra í umdæmi launagreiðanda. *Á árinu 2005 verður að auki boðið upp á nýja skilamáta vegna rafrænna skila launamiða. Um er að ræða annars vegar XML skeytaskil beint úr launakerfum og hins vegar skráarinnlestur eða skráningu einstakra launamiða í gegnum þjónustusiður á vef RSK. Nánari upplýsingar verður að finna á upplýsingavef ríkisskattstjóra [www.rsk.is](http://www.rsk.is).*

Færslulýsingu vegna tölvutækra skila á bæði launa- og hlutfjármiðum má nálgast á heimasíðu RSK, en sömu reglur gilda um

tölvutæk skil á þessum miðum. Auk þess veitir tæknideild RSK nánari upplýsingar um færslulýsinguna og þá segulmiðla sem skattstjórar geta tekið við, sem og upplýsingar um aðrar skilaleiðir rafrænna skila.

Þeir sem skila launamiðum og/eða hlutfjármiðum á tölvutæku formi til skattstjóra eiga **ekki** að skila sömu miðum aftur á pappír.

**Leiðréttingar**

Hafi launamiða verið skilað með röngum upplýsingum skal strax senda skattstjóra **nýjan launamiða** á pappír með beiðni um að áður sendur launamiði verði gerður ógildur. Jafnframt skal senda samrit af réttum launamiða til launþega.

**Forskráning launa**

Skattfyrirvöld munu forskrá sem mest af upplýsingum um laun og starfstengdar greiðslur á skattframtöl einstaklinga í febrúar 2005. Miklu skiptir því að upplýsingar

frá launagreiðendum séu bæði **áreiðanlegar** og **endanlegar** svo að launþegar verði ekki fyrir óþægindum við útfyllingu framtala sinna.

Mælst er til þess að launagreiðendur sendi launamiða til launamanna sinna áður en skil til skattfyrivalda eiga sér stað. Með því móti gefst launamönnum kostur á að koma strax á framfæri athugasemdom og leiðréttingum við launagreiðendur vegna launauppgjörsins, þ.e. áður en launaupplýsingum er skilað til skattfyrivalda og þær forskráðar á framtöl.

Minnt skal á að uppfærsla launaforrita er nauðsynleg vegna krafna um aukinn áreiðanleika og öryggi þeirra upplýsinga, sem forskráning grundvallast á.

Þá þurfa rétt sundurliðaðar launaupplýsingar á tölvutæku formi skv. færslulýsingu að berast skattstjórum innan tilgreinds tímafrests, enda munu skattfyrirvöld að öðrum kosti ekki geta forskráð viðkomandi upplýsingar.

Upplýsingar um hluthafa/eiganda		Hlutfjármiði árið 2005			
01 Kennitala 220222-2229	Kennitala forráðanda ef eigandi er barn	<b>Upplýsingar um hlutfélag (eða sparisjóð)</b>			
Nafn og heimilisfang Jón Jónsson Ríma 24 112 Reykjavík		Nafn hlutfélags og kennitala 421212-1919 Verksmiðjan hf. Ríma 25 112 Reykjavík			
Hlutabréf	76 Útg. jöfnunarhlutabréf á árinu	77 Hlutfjáreign í árslok	78 Greiddur arður á árinu	79 Staðgreiðsla af arði	
	0	250.000	25.000	2.500	
Stofnfjárbréf sparisjóðanna	80 Endurmat stofnfjár á árinu	81 Stofnfjáreign í árslok	84 Greiddur arður á árinu	86 Staðgreiðsla af arði	

RSK 2.045 Frumrit: Til skattstjóra

**Skilafrestur launa- og hlutfjármiða á pappír er til 27. jan. 2005.**  
**Skilafrestur á tölvutæku formi er til 7. feb. 2005.**

**76 Útgefin jöfnunarhlutabréf á árinu**

Hér skal færa útgefin jöfnunarhlutabréf á árinu.

**77 Hlutfjáreign í árslok**

Hér skal tilgreina nafnverð hlutabréfa í eigu hluthafa í árslok.

**78 Greiddur arður á árinu**

Hér skal tilgreina fjárhæð arðs á árinu. Ekki skal draga staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts frá arði.

**79 Staðgreiðsla af arði**

Hér skal færa staðgreiðslu sem dregin var af greiddum arði á árinu.

**80 Endurmat stofnfjár á árinu**

Hér skal færa endurmat stofnfjár í sparisjóðum sbr. 67. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

**81 Stofnfjáreign í árslok**

Hér skal færa stofnfjáreign í árslok eftir endurmat.

**84 Greiddur arður á árinu**

Hér skal tilgreina fjárhæð arðs á árinu. Ekki skal draga staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts frá arði.

**86 Staðgreiðsla af arði**

Hér skal færa staðgreiðslu sem dregin var af greiddum arði á árinu.

# Launamiði 2005

## 02 Vinnulaun

Til vinnulauna teljast allar tegundir launa eða þóknana, greidd eða ógreidd, sem launþegi fær fyrir starf sem hann innir af hendi á ábyrgð launagreiðanda. Til vinnulauna teljast ákvæðislaun, biðlaun, nefndarlaun, eftirlaun, launabætur, staðaruppbætur, orlofsfé og greiðslur fyrir ótekið orlof. Enn fremur verkfæragjald eða verkfærapeningar, fatapeningar, flutningspeningar eða greiðsla fargjalda milli heimilis og vinnustaðar, hvort sem framangreindar greiðslur eru reiknaðar sem hundraðshluti launa eða á annan hátt, styrkir til líkamsræktar, landgöngufé, mistalningsfé, risnufé og stjórnar- og endurskoðunarlaun kjörinna manna. Einnig skal hér færa fæðispeninga sem launþegi fékk greidda hjá vinnuveitanda sínum, þar með taldir fæðispeningar greiddir í orlofi eða veikindum og þegar skip er í heimahöfn. (Metin fæðishlunnindi skal færa í reit 33 og bifreiðahlunnindi í reit 60 sbr. skýringar við þá reiti).

## 63 Iðgjöld

Í þennan reit skal færa iðgjald launamanns sem varið var til aukningar lífeyrisréttinda, en frádráttur vegna þess getur að hámarki numið 4% af launum ársins. Gjaldið þarf að hafa verið greitt í lífeyrissjóð eða annan sjóð sem fellur undir 3. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997.

## 06 Heildargreiðslur til verktaka, með virðisaukaskatti

Verktaki telst sá einstaklingur eða lögaðili sem samkvæmt samningi, skriflegum eða munnlegum, tekur að sér að vinna ákveðið verk eða inna af hendi ákveðna þjónustu gegn endurgjaldi. Verktaki ber ábyrgð á verkinu og honum ber að standa skil á launatengdum gjöldum og öðrum kostnaði vegna starfsemi sinnar. Aðili sem hefur menn í þjónustu sinni og greiðir þeim laun (launagreiðandi) ber aftur á móti ábyrgð á vinnu þeirra. Gæta skal þess að færa í þennan reit ekki aðeins greidda fjárhæð á árinu heldur fulla útgjaldafjárhæð sem stofnað hefur verið til á árinu. (Það sem kann að vera ógreitt færirst til skuldar á framtali greiðanda). Það athugist að greiðslur fyrir vörubílaakstur skal ekki færa hér, heldur í reit 22.

## 64 Númer sérsjóðs

Í þennan reit skal færa númer þess sjóðs sem viðbótariðgjald er greitt í. Á lista hægra megin á opnunni eru númer lífeyrissjóða. Listinn er einnig birtur á upplýsingavef ríkisskattstjóra [www.rsk.is](http://www.rsk.is).

## 19 Sjúkradagpeningar

Hér skal tilgreina greiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarféлага og sjúkradagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins.

LAUNAMIDI 2005 LAUNAGREIÐSLUR 2004		Allar fjárhæðir skal færa í heilum krónum			
01 Kennitala launamanns	Vinnulaun þ.m.t. orlofsfé, greiðslur launþ. í lífeyrissjóð, eftirlaun o.fl.	02	16 Okutækjastyrkur	73 Þar af undanþ. staðgr.	19 Sjúkradagpeningar
03 Frádráttarbært iðgjald í lífeyrissjóð – 4% iðgjald í samþykktan lífeyrissjóð.		05	17 Dagpeningar	74 Þar af undanþ. staðgr.	21 Greiðslur úr lífeyrissjóð
08 Númer lífeyrissjóðs	Greiðslur til verktaka og verkstæða fyrir efni og vinnu	06	22 Gr. 1. vörubílaakstur	60 Bifreiðahlunnindi	33 Fæðishlunnindi
Þessi reitur fyllist út af skattstjóra		37	Greidd lífeyrissjóðgjöld í sérsjóð (4% iðgjald)	63 Iðgjöld	64 Númer sérsjóðs
07 Nafn-heimili-póststöð launþega			30 Launagreiðandi-kennitala-heimili		
83 Ráðningartími sjómanna – dagafjöldi	85		87 Fjöldi lögskráðra daga/úthaldsdaga/greiðdra veikindadaga	88	
10 Hér skal tilgreina tegund vinnu og starfsemi er í fleiri en einni atvinnugrein	12 Vikur alls		Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður; hvaða?		
<b>Samtölur skv. sundurliðun á staðgreiðslu RSK 5.06</b>			28	297.000	
70 Launafjárhæð	71 Aldregin staðgreiðsla		34 Fóðrun búfjár	50.000	
			82 Gjafir	190.000	

RSK 2.01 0412 - ÍSAFOLDARPRENTSMIDJA EHF Sjá leiðbeiningar á upplýsingavef RSK [www.rsk.is](http://www.rsk.is)

## 03, 08 Frádráttarbært iðgjald í lífeyrissjóð

Í 03 skal tilgreina lífeyrissjóðsiðgjald launþegans sjálfs en í 08 númer sjóðsins samkvæmt skrá yfir lífeyrissjóði (sjá skýringar við reit 64).

## 05 Þar af greitt v/sjómennsku

Hér skal tilgreina laun vegna sjómennsku sem veita rétt til sjómannaafsláttar, sbr. 12. og 13. gr. reglugerðar nr. 10/1992 um sjómannaafslátt, og innifalinn eru í launum í reit 02.

## 10 Tegund vinnu

Auðkenna skal t.d. afgreiðslustörf (afgr.), bifvélavirkjun (bifv.), framkvæmdastjórn (frkvstj.), skrifstofustörf (skrifst.), verkamannavinna (vkm.), verkstjórn (vkstj.) o.s.frv.

## 12 Vikur alls:

Hér skal tilgreina vikufjölda sem unninn er.

## 83 Ráðningartími sjómanna – dagafjöldi

Hér skal tilgreina dagafjölda ráðningartíma sjómanns. Við ráðningartíma er heimilt að bæta orlofs- og frídögum sem launþegi nýtti ekki á ráðningartíma en fékk greidda og uppperða við lok ráðningar. Ráðningardaga má tilgreina í einni tölu fyrir allt árið. Ef hugbúnaður gerir ráð fyrir öðru má skipta dagafjölda í tvennt og færa tölu fyrir fyrri hluta ársins í reit 83 og fyrir síðari hluta ársins í reit 85.

## 87 Lögskráningardagar / úthaldsdagar

Hér skal skrá fjölda daga sem sjómaður er lögskráður á skip. Á þeim skipum sem ekki er skylt að lögskrá á er miðað við almenna vinnudaga á úthaldstímabili.

Hjá hlutaráðnum beitingarmönnum skal miða við þá daga sem þeir eru ráðnir við slík störf samkvæmt samningi um hlutaskipti. Þeir dagar sem sjómaður getur ekki stundað vinnu vegna veikinda eða slysa, en tekur laun samkvæmt kjarasamningi, skulu einnig taldir hér. Þessa daga má tilgreina í einni tölu fyrir allt árið. Ef hugbúnaður gerir ráð fyrir öðru má skipta dagafjölda í tvennt og færa tölu fyrir fyrri hluta ársins í reit 87 og fyrir síðari hluta ársins í reit 88.

## 16 Ökutækjastyrkur

Allar greiðslur til launþega fyrir afnot af ökutæki hans skal færa í þennan reit, hvort sem þær miðast við fastákvæðna fjárhæð á ári, ekna kílómetra, endurgreiðslu rekstrarkostnaðar eða greiðsla er ákvörðuð á annan hátt.

## 73 Þar af undanþegið staðgreiðslu (ökutækjastyrkur)

Hér skal færa þá fjárhæð ökutækjastyrks sem fellur ekki undir staðgreiðslu skatta, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu.

## 17 Dagpeningar

Hér skal tilgreina fjárhæð dagpeninga og annarra ferðapeninga greidda launþegum vegna ferða og námskeiða, svo og þjálfunar og eftirlitsstarfa á vegum vinnuveitanda. Ferðapeninga sem launþegi hefur fengið endurgreidda hjá vinnuveitanda sínum skv. kostnaðarreikningum frá þriðja aðila skal ekki færa hér.

## 74 Þar af undanþegið staðgreiðslu (dagpeningar)

Hér skal færa þá fjárhæð dagpeninga sem fellur ekki undir staðgreiðslu skatta, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu.

## 60 Bifreiðahlunnindi

Hér skal færa fjárhæð bifreiðahlunninda sem metin hafa verið til tekna skv. auglýstu skattmati fjármálaráðherra.

## 21 Greiðslur úr lífeyrissjóði

Hér skal færa greiðslur úr lífeyrissjóði. Eftirlaun frá launagreiðanda skal hins vegar færa í reit 02.

## 33 Fæðishlunnindi

Hér skal færa fjárhæð metinna fæðishlunninda samkvæmt auglýstu skattmati fjármálaráðherra.

## 22 Greitt fyrir vörubílaakstur

Hér skal tilgreina greiðslur fyrir vörubílaakstur, með virðisaukaskatti.

## 70 og 71 Sundurliðun á staðgreiðslu

Hér skal færa samtölur úr sundurliðun á staðgreiðslu ársins samkvæmt RSK 5.06

## Ýmsar greiðslur og hlunnindi í krónum talið

Á launamiða (jafnt á pappírsmiða sem á tölvutæku formi í LS-færslu) skal tilgreina með viðeigandi tveggja stafa tölu (kóða) og fjárhæð:

- 04) Hlutabréf á undirverði (mismunur á gangverði og afhendingarverði).
- 09) Styrkir til náms, rannsóknar- og vísindastarfa.
- 26) Skattfrjáls verðlaun, heiðurslaun og happdrættisvinningar.
- 27) Fatahlunnindi (fatnaður sem launþegi fékk án endurgjalds).
- 28) Húsnæðishlunnindi (allt að 5% af fasteignamati íbúðarhúsnæðis 1. des. 2003, að meðtalinni hlutdeild í fasteignamati lóðar, sem látið er launþega í té endurgjaldslaust eða með óeðlilega lágu endurgjaldi, að teknu tilliti til þess fjölda mánaða sem afnotin ná yfir. Sjá upplýsingar um skattmat 2004 á [www.rsk.is](http://www.rsk.is)).
- 32) Skattskyld verðlaun, heiðurslaun og happdrættisvinningar.
- 56) Endurgjald til höfunda (eða réttihafa fyrir hvers konar hugverk, bókmenntir og listir eða listaverk, hvort sem um er að ræða greiðslu fyrir afnot eða kaup. Greiðslur fyrir einkaleyfi, framleiðslurétt, útgáfurétt og sérþekkingu).
- 57) Verkfallsstyrkur.
- 58) Björgunarlaun.
- 59) Skaðabætur og sambærilegt bótafé greitt af launagreiðanda (t.d. vegna sjúkdóma, slysa, atvinnutaps eða launamissis).
- 61) Styrkir og styrktarfé (úr hvers konar sjóðum opinberra stofnana, félagsamtaka, stéttarféлага eða annarra aðila sem ekki falla undir kóða 09).
- 62) Félagsleg aðstoð (frá sveitarfélögum).
- 65) Leigutekjur.
- 67) Húsaleigubætur.
- 69) Skattskyldar greiðslur tryggingaféлага.
- 72) Aðrar bætur og styrkir frá sveitarfélögum (sem ekki falla undir kóða 09, 59, 61 og 62).
- 89) Óskattskyldar greiðslur tryggingaféлага.

Á launamiða (jafnt á pappírsmiða sem á tölvutæku formi í LA-færslu) skal alltaf tilgreina með viðeigandi tveggja stafa tölu (kóða), frjálsum texta, sem skýrir eðli greiðslunnar, og fjárhæð:

- 11) Endurgreiddur útlagður kostnaður.
- 34) Önnur hlunnindi.
- 82) Aðrar skattskyldar greiðslur.
- 93) Aðrar skattfrjálsar greiðslur.

Skattmat vegna ýmissa greiðslna og hlunninda má m.a. nálgast á vefsíðu RSK.

## Ekki er hægt að ábyrgjast að listinn sé tæmandi

Almennir lífeyrissjóðir	Númer	
450290-2549	Almenni lífeyrissjóðurinn	005
650376-0809	Eftirlaunaf. F.Í.A. c/o Landsbankinn	180
510169-3609	Eftirlaunaf. Reykjanesbæjar	060
510169-7009	Eftirlaunaf. starfsm. Hafnarfj.kaupst.	050
650188-1799	Eftirlaunaf. starfsm. Íslandsbanka h.f.	125
600978-0129	Frjálsi lífeyrissjóðurinn c/o KB-banki	138
650701-9250	Frjálsi lífeyrissj. - Tryggingad. 1	137
430990-2179	Íslenski lífeyrissjóðurinn c/o Landsb.	930
600281-0389	Lífeyrissjóður alþingismanna	651
430798-3249	Lífeyrissjóður arkitekta og tæknifr.	150
480673-1159	Lsj. Akraneskaupstaðar	140
450771-0589	Lsj. Austurlands	190
510169-4259	Lsj. bankamanna	070
641072-0879	Lsj. Bolungarvíkur	220
670172-0589	Lsj. bænda	260
561195-2779	Lsj. Framsýn	200
430269-4889	Lsj. hjúkrunarfræðinga	350
581096-2759	Lsj. Lífið	430
430269-5779	Lsj. lækna	440
430269-4539	Lsj. Neskaupstaðar	510
601092-2559	Lsj. Norðurlands	500
660472-0299	Lsj. Rangæinga	540
460673-0119	Lsj. sjómanna	560
510169-3799	Lsj. starfsmanna Akureyrarbæjar	030
510169-4339	Lsj. starfsm. Búnaðarbanka Ísl. h.f.	090
430269-5429	Lsj. starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar	600
480673-1239	Lsj. starfsmanna Kópavogsbæjar	400
430269-6589	Lsj. starfsmanna Reykjavíkurborgar	640
550197-3409	Lsj. starfsmanna ríkisins A-deild	660
430269-6669	Lsj. starfsmanna ríkisins B-deild	650
491098-2529	Lsj. starfsmanna sveitarfélaga	680
491098-2529	Lsj. starfsm. sv.fél. - v deild	683
480673-0699	Lsj. starfsmanna Vestmannaeyjabæjar	700
460172-0479	Lsj. Suðurlands	720
571171-0239	Lsj. Suðurnesja	760
430269-1519	Lsj. Tannlæknafél. Íslands c/o Landsb.	730
430269-4299	Lsj. verkfræðinga	820
430269-4459	Lsj. verzlunarmanna	860
490671-0809	Lsj. Vestfirðinga	870
580572-0229	Lsj. Vestmannaeyja	880
630371-0669	Lsj. Vesturlands	800
620492-2809	Sameinaði lífeyrissjóðurinn	450
430269-0389	Samvinnulífeyrissjóðurinn	550
680297-2909	Séreignalífeyrissjóðurinn	020
450181-0489	Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	015

Séreignarsjóðir	Númer	
450290-2549	Almennur lífeyrissjóður VÍB	5
610794-2119	Eining, lífeyrissjóður	285
520789-3329	Fjárvörslureikningar Landsbréfa	932
600978-0129	Frjálsi lífeyrissj., séreign	135
520700-9190	Frjálsi séreignarsparnaðurinn	136
540291-2259	Lífeyrisbók Landsbankans	931
430269-4299	Lífeyrissj. verkfræðinga, séreign	821
490671-0809	Lífeyrissj. Vestfirðinga, séreign	872
630371-0669	Lífeyrissj. Vesturlands, séreign	801
430269-4459	Lífeyrissjóður verzlunarmanna, séreign	861
511103-9160	Lífið, séreign	431
570990-1449	Lífis, lífeyrissófnun	933
450979-0239	LÍFSVAL - valkostur 1	287
450979-0239	LÍFSVAL - valkostur 4	288
450979-0239	LÍFSVAL - valkostur 5	289
570990-1449	Líftryggingafélag Íslands Hf.	495
450771-0589	Lsj. Austurlands, séreign	192
580299-6289	Lsj. Framsýn, séreign	201
580299-6369	Lsj. Framsýn, séreign	202
620169-3159	Lsj. Hlíf, séreign	901
601092-2559	Lsj. Norðurlands, séreign	501
601092-2559	Lsj. Norðurlands, séreign 1% mótt.	502
460673-0119	Lsj. sjómanna, séreignadeild	561
491098-2529	Lsj. starfsm. sv.fél. séreign	686
571171-0239	Lsj. Suðurnesja, séreign	761
580572-0229	Lsj. Vestmannaeyja, séreign	881
421198-2259	LSR séreignardeild	670
680568-2789	Sameinaða líftryggingarfélagið hf.	490
670395-3249	Sameinaði lífeyrissj., séreign	452
620492-2809	Sameinaði lífeyrissj., valdeild	453
560882-0419	Séreignarsjóður Kaupþings	286
450181-0489	Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	16
660901-9060	Vista - sjóður	830
580991-1069	Ævilífeyrir Allianz	941

# Launaframtal 2005

## Hverjir skila launaframtali á pappír?

Einstaklingar með rekstur, sem greiða öðrum laun eða inna af hendi greiðslur sem mynda stofn til tryggingagjalds og sem skila skattframtali sínu á pappír, þurfa jafnframt að skila launaframtali á pappír. Launaframtalinu er skilað til skattstjóra í því umdæmi þar sem framteljandi á lögheimili 1. des. 2004.

Lögaðilar, sem undanþegnin eru skattskyldu skv. 1. kafla laga nr. 90/2003, og skila ekki skattframtali RSK 1.04, skulu skila launaframtali á pappír, hafi þeir greitt laun eða innt af hendi greiðslur sem mynda stofn til tryggingagjalds á árinu 2004. Launaframtalinu er skilað til skattstjóra í því umdæmi þar sem framteljandi á lögheimili 1. des. 2004.

Þeir sem inna af hendi verktakagreiðslur eiga að skila launamiðum vegna þeirra. Á launaframtali skal koma fram fjöldi verktakamiða og heildarfjárhæð, þó að þessar greiðslur myndi ekki stofn til tryggingagjalds.

Maður sem reiknar sér endurgjald við eigin atvinnurekstur, en greiðir ekki öðrum laun, þarf ekki að skila launaframtali nema því aðeins að hann sé með viðbótar lífeyrissparnað og/eða greiði hærra mótramlag í lífeyrissjóð en 6%. Nánari skýringar eru á bakhlið launaframtalsins.

**Þeir rekstraraðilar sem skila skattframtali sínu með rafrænum hætti eiga ekki að skila launaframtali á pappír.**

## Stofn til tryggingagjalds

Gjaldstofn tryggingagjalds er allar tegundir launa og þóknana, hverju nafni sem nefnast, óháð formi launagreiðslu. Hér er t.d. um að ræða laun í reit 02 á launamiða, bifreiðahlunnindi, fæðishlunnindi, alla ökutækjastyrki, almennt mótramlag í lífeyrissjóð og staðgreiðsluskýlda dagpeninga.

Greiðslur lífeyris og eftirlauna úr samþykktum lífeyrissjóðum og frá Tryggingastofnun ríkisins mynda ekki stofn til tryggingagjalds.

Stofn til tryggingagjalds í staðgreiðslu skal sundurliða niður á mánuði.

## Fjöldi launamiða

Hér skal tilgreina heildarfjölda launamiða sem skilað er, bæði vegna launa og verktakagreiðslna.

## Fjöldi verktakamiða

Hér skal færa fjölda þeirra miða sem skilað er fyrir verktakagreiðslur og greiðslur fyrir vörubílaakstur.

## Greiðslur til verktaka

Hér skal tilgreina heildarfjárhæð verktakagreiðslna (06) og greiðslna fyrir vörubílaakstur (22).

## Laun vegna fiskveiða

Hér skal færa laun sem greidd eru sjómönnum vegna fiskveiða. Þau mynda stofn til tryggingagjalds auk þess sem greiða ber 0,65% iðgjald vegna slysatryggingar sjómanna hjá Tryggingastofnun ríkisins. Hafi útgerðarmaður sagt upp þeirri tryggingu sér skattstjóri til þess að iðgjaldið bætist ekki við.

**Ef framtalsskil einstaklinga í rekstri eru á pappír, getur þurft að skila launaframtali á pappír ásamt launamiðum til skattstjóra. Mið sama gildir um óskattskylda lögaðila, sem ekki skila skattframtali RSK 1.04. Skilafrestur er til 27. jan. 2005 sé launamiðum skilað á pappír, en til 7. feb. sé launamiðum skilað á tölvutæku formi.**

**Ef framtalsskil rekstraraðila eru rafræn, skal ekki að skila sjálfstæðu launaframtali á pappír.**

<b>RSK</b>	Í vissum tilfellum geta rekstraraðilar þurft að skila launaframtali á pappír ásamt launamiðum til skattstjóra. Sjá nánari skýringar á bakhlið. Skilafrestur er til 27. jan. 2005 sé launamiðum skilað á pappír, en til 7. feb. 2005 sé launamiðum skilað á tölvutæku formi.	<b>Launaframtal 2005</b> <b>Launagreiðslur 2004</b>
Framtalið berist	Kennitala	
	Sveitarfélag lögheimilis	
Nafn - pósthang	Eigin atvinnurekstur - skil á pappír Maður með reiknað endurgjald við eigin atvinnurekstur, sem ekki greiðir öðrum laun, þarf ekki að skila launaframtali nema því aðeins að hann sé með viðbótar lífeyrissparnað og/eða greiði hærra mótramlag í lífeyrissjóð en 6%. Við álagningu tryggingagjalds eru upplýsingar um reiknað endurgjald hjá manni með eigin atvinnurekstur sóttar í reit 24 á persónuframtali hans. Í reit fyrir mótramlag vegna iðgjalds í lífeyrissjóð skal því einungis færa þá fjárhæð sem er umfram 6% mótramlag. Mótramlag vegna viðbótar lífeyrissparnaðar manns með eigin atvinnurekstur, skv. sérstökum samningi við samþykktan sjóð, færast í samnefndan reit. Sjá nánar í skýringum á bakhlið.	
<b>Fjárhæðir á launamiðum og aðrar greiðslur sem mynda stofn til tryggingagjalds í staðgreiðslu</b>		<b>Stofn til tryggingagjalds utan staðgreiðslu</b>
Reitur 02 - Vinnulaun		Reiknað endurgjald barna
Reitur 60 - Bifreiðahlunnindi		Laun undanþ. staðgreiðslu
Reitur 33 - Fæðishlunnindi		Hér skal tilgreina tegund og fjárhæð hlunninda sem ekki eru staðgreiðsluskýld en metin til tekna skv. skattmatti fjármálaráðherra.
Reitur 16 - Ökutækjastyrkur		Fatahlunnindi
Mótraml. launagr. í lífsj., sbr. skýringar á bakhlið		
Mismunur 17-74 - Staðgreiðsluskýldir dagpeningar		
Aðrar tryggingagi.sk. greiðslur, sbr. skýr. á bakhlið		
Fjöldi launamiða	Stofn til tryggingagjalds í staðgreiðslu	Fyllist ut af skattstjóra
Launagreiðslur vegna sjómönnskúla á fiskiskipum (einnig innifaldar í stofni til tryggingagjalds)	Sundurliðun eftir mánuðum á ofangreindum stofni til tryggingagjalds í staðgreiðslu	
Jan.	Jan.	
Febr.	Febr.	
Mars	Mars	
Apríl	Apríl	
Mai	Mai	
Júní	Júní	
Júlí	Júlí	
Ágúst	Ágúst	
Sept.	Sept.	
Okt.	Okt.	
Nóv.	Nóv.	
Des.	Des.	
Allt	Allt	
Reitur 06 og 22 Greiðslur til verktaka	Fjöldi verktakamiða	
Athugasemdir framteljanda		
0412 3000 0001 HF		
Það staðfestist að launaframtal þetta ásamt launamiðum er gert eftir bestu vitund og er í samræmi við fyrirgjafið gögn.		
Dags. Undirskrift		
Sjá bakhlið samrits launagreiðanda		Frumrit: Eintak skattstjóra

## Undirskrift

Mikilvægt er að undirrita launaframtalið áður en því er skilað. Launaframtal sem ekki er undirritað telst ófullnægjandi.

## Stofn til tryggingagjalds utan staðgreiðslu

Í þessa reiti færast laun undanþegin staðgreiðslu og reiknað endurgjald barna. Reiknað endurgjald manns og maka hans við eigin atvinnurekstur kemur hins vegar ekki fram á launaframtali.

Hér skal ennfremur tilgreina tegund og fjárhæð hlunninda utan staðgreiðslu opinberra gjalda sem metin eru til tekna samkvæmt skattmatti fjármálaráðherra og mynda stofn til tryggingagjalds.